

Borgarráð 22. ágúst 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Loftkastalann MSS23060042

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um stöðu á máli Loftkastalans sem varðar lóðirnar Gufunesvegur 34. Þengilsbás 1 sem skipt var í tvennt. Hefur farið fram könnun á stjórnslu Loftkastalamálsins ofan í kjölinn t.d. hlut borgarlögmanns en staðfest hefur verið að borgarstjóri óskaði eftir að hann kafaði ofan í stjórnslu málsins frá upphafi þess ásamt ábendingum sem hafa komið frá forsvarsmönnum Loftkastalans. Spurt er hvort öll gögn í Loftkastalamálinu séu upp á borði og aðgengileg borgarfulltrúum og er hér með vísað m.a. til gagna sem sýna útfærslu á deiliskipulagi sem ber að gera skv. skipulagsreglugerð, afstöðu gatna og jarðvegs við gólfhæð 1. hæðar húsa, hæð landslags á lóðum og fleira?

Greinargerð

Kjörnum fulltrúum berast reglulega skeyti frá hagaðilum þar sem fram kemur ýmist að upplýsingum sé haldið frá eigendum Loftkastalans eða staðfestar leiðréttingar sem þeim hefur verið lofað að verði gerðar eru hunsaðar. Lögfræðingar umhverfis- og skipulagssviðs hafa staðfest í tölvupósti sem fulltrúi Flokks fólksins hefur séð að þeir ætli ekki að afhenda þau gögn sem gefa upp hver beri ábyrgð á röngum mælingum í Gufunesi. Alvarleg mistök voru gerð þegar Reykjavíkurborg hunsaði að fylgja skilyrðum framkvæmdaleyfis og hafði ekki samráð um sveigjanleika með m.a. aðkomu og innkeyrslur í útgefnu framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð og fl. í Gufunesi. Gefið var út framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Gufunesi sem ekki fellur að þeim húsum sem fyrir eru í Gufunesi og sem hindrar nýtingu húsa Loftkastalans þrátt fyrir að annað hafi verið haldið fram í bréfum frá Reykjavíkurborg til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. Vandinn snýr að því að ekki er búið að tryggja aðkomu og innkeyrslurétt að Gufunesvegi 34. Reykjavíkurborg fór í landslagsbreytingar gegn hagsmunum lóðarhafa og húseiganda sem gerir það að verkum að gólf núverandi húsa eru komin niður fyrir jarðveg sem skapar hættu á vatnstjónum. Málið hefur dregið dilk á eftir sér og sú hola sem meirihlutinn, sá síðasti og núverandi ásamt skipulagsyfirköndum gróf sér hefur gert fátt annað en að dýpka. Mikil hefur borið af leið. Nú situr borgarúi uppi með skertar eignir vegna samskipta- og samráðsleysis, með þessu hefur Reykjavíkurborg komið í veg fyrir uppbyggingu 23 íbúða og valdið skerðingu á rekstri 2ja fyrirtækja í 5 ár.

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði upplýsinga um málið í febrúar 2022 og var staðan þá orðin óásættanleg. Óskað er eftir upplýsingum um stöðu mála nú og hvað Reykjavíkurborg hefur gert eða boðið eigendum til að ljúka málinu. Það er ekki hagur neins að það mál sem hér um ræðir verði eilífðarmál. Flokkur fólksins kallar eftir lúkningu og að eigendum verði bættur upp sá skaði sem Reykjavíkurborg hefur valdið þeim með sanngjörnum hætti. Málið er orðið margslungið og ekkert lát hefur verið á valdniðslu borgarinnar gagnvart eigendum Loftkastalans. Síðasta tilraun eigenda Loftkastalans árið 2022 til að ná einhverri lendingu í þessu máli, þar sem málið var þæft fram og til baka milli starfsmann Reykjavíkurborgar og útkoman var einhver lækkun á götum en allt látið halla að húsum Loftkastalans en á milli húsanna var leiðbeinandi hæð 20 cm hærrí en gólf núverandi húsa. Þrátt fyrir ákall eigenda um að fá heildar lausn á málið þá var vilji borgarinnar enginn. Tillaga að lækkun í kringum hús Loftkastalans barst 18 nóvember 2022 3 dögum eftir að 1 gjalddagi af byggingaréttargjöldum var sem eigendur neita að greiða á meðan varna er ónothæf, staðan í dag er sú að Reykjavíkurborg getur aldrei afhent óskerta vöru nema með miklum lagfæringum. Á eigendum hefur Reykjavíkurborg brotið í 5 ára og látið sem það sé verið að vinna í málinu. Það er kominn tími til þótt fyrir hefur verið að Reykjavíkurborg sjái sóma sinn í að viðurkenna mistök sín í þessu máli og ná lendingu við eigendur sem þeir geta sætt sig við eftir 5 ára þrautagöngu.